

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Skrifstofa skattamála**
Dagsetning: **09.10.2015**
Málsnúmer: **FJR15080050**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 - 2. mál.

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið tekið saman eftirfarandi svör við spurningum og athugasemdum nefndarmanna við frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 – 2. mál, sem bornar voru fram á fundi nefndarinnar þann 21. september sl.

1. Er gert ráð fyrir auknu fjármagni í neytendavernd í tillögum 39. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi? Fram kom að spurningin væri borin fram í ljósi þess að fyrirsvarsmenn Fjármálaeftirlitisins hefðu borið því við fyrir nefndinni að neytendavernd stofnunarinnar væri ekki nægilega virk þar sem fjármagn hafi skort til að reka málaflökkinn.

Fyrir liggur ýtarleg skýrsla sem send var fjármála- og efnahagsráðherra 1. júlí sl. um áætlaðan rekstrarkostnað FME árið 2016. Sú áætlun er í samræmi við þær fjárhæðir sem gert er ráð fyrir í núverandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 en skýrslan er fylgiskjal með minnisblaði þessu. Í inngangi skýrslunnar er greint frá því að áætlanir geri ráð fyrir að stöðugildum fjölgi um eitt milli áranna 2015 og 2016. Í almennum skýringum aftar í sömu skýrslu er að finna ýtarlegar skýringar á forsendum rekstraráætlunar. Þar segir í kafla um launakostnað og stöðugildi að gert sé ráð fyrir að við bætist eitt stöðugildi vegna nýrra verkefna. Þar sé um að ræða nýtt stöðugildi vegna eftirlits með viðskiptaháttum, m.a. vegna samskipta eftirlitsskyldra aðila við viðskiptamenn. Orðrétt segir: „Fjármálaeftirlitið telur að fenginni reynslu nauðsynlegt að efla eftirlit sitt með viðskiptaháttum, þar á meðal vegna samskipta eftirlitsskyldra aðila við viðskiptamenn, en fjallað er um slíkt í flestum sérlögum á fjármáلامarkaði sem og í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sú afstaða er í samræmi við þá þróun sem verið hefur hjá systurstofnunum eftirlitsins erlendis t.d. á Norðurlöndum. Mjög brýnt er að geta athugað viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila og komið ábendingum og athugasemdum á framfæri þegar tilefni er. Tveir starfsmenn sinna nú þessu eftirliti sem einkum felst í svörum fyrirspurna frá neytendum og greiningu ábendinga um viðskiptahætti ásamt því að bregðast við mögulegum brotum gegn lagaákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í þessu sambandi tekur Fjármálaeftirlitið einnig þátt í starfi neytendaverndarnefnda evrópskra eftirlitsstofnana (EBA, EIOPA og ESMA), bæði með þátttöku í athugunum og með innleiðingu efnisreglna sem frá þeim stafa í íslenskan rétt. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti fylgt eftir ábendingum sem berast ásamt því að geta gert frumkvæðisathuganir varðandi viðskiptahætti á öllum mörkuðum, svo sem varðandi upplýsingagjöf til neytenda, misvísandi söluaðferðir, meðhöndlun kvartana og önnur samskipta eftirlitsskyldra aðila við neytendur fjármálaþjónustu.“

Það upplýsist að þessa dagana er unnið að gerð samstarfssamnings á milli Fjármálaeftirlitsins og Neytendastofu varðandi neytendavernd á fjármáلامarkaði. Áætlað er að samningsgerðinni verði lokið undir lok nóvember. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að geta stundað öflugt eftirlit með neytenda- og viðskiptaháttamálum sem er bæði áhættumiðað og fyrirbyggjandi líkt og þróunin hefur verið hjá systurstofnunum eftirlitsins í Evrópu.

2. Hvernig mun hækkun áfengisgjalds á móti færslu áfengis í lægra þrep virðisaukaskatts koma við innlenda framleiðendur áfengis?


Sú tillaga frumvarpsins að færa áfengi í neðra þrep virðisaukaskattsins og hækka áfengisgjald á móti hefur þann tilgang að stuðla að bættum skilum virðisaukaskatts af veitingastarfsemi. Þessi tilgangur með aðgerðinni er skýrður nánar í athugasemdum við frumvarpið. Aðgerðin er ekki gallalaus og gengur m.a. gegn því almenna markmiði að sporna gegn fjölgun vörutegunda í neðra þrepi virðisaukaskattsins. Sá ávinningur sem vænst er af aðgerðinni er hins vegar talinn vega þyngra en gallarnir.

Gjaldtímabil áfengisgjalds er hálfur mánuður og gjalddagar tveir í hverjum mánuði, eða 24 á ári. Að baki þessum óvenjulega örum skilum eru öryggissjónarmið í ljósi þess hversu háar fjárhæðir kann að vera um að tefla. Gjaldtímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir og gjalddagar sex á ári. Með hliðsjón af þessu er ljóst að sú u.þ.b. 20% hækkun áfengisgjalds sem gerð er tillaga um hefur í för með sér að þær greiðslur sem standa þarf skil á í ríkissjóð með litlum greiðslufresti hækka við breytinguna en þær sem lengri frestur er á lækka. Áhrif tillögunnar á sjóðstreymi fyrirtækjanna eru því neikvæð að einhverju marki. Um er að ræða sjálfkrafa hliðaráhrif sem leiðir af núgildandi skattalöggjöf, þau koma jafnt niður á öllum hlutaðeigandi fyrirtækjum og hafa tilsvarendi jákvæð áhrif á sjóðstreymi ríkissjóðs.

Innlend áfengisframleiðsla hefur umtalsverða markaðshlutdeild og hefur staðið að baki rúmunum þriðjungi innheimts áfengisgjalds á undanförunum árum. Eftirspurn eftir áfengi hefur aukist talsvert á síðustu árum í takt við efnahagsbatann og þá miklu fjölgun erlendra ferðamanna sem dvelja í landinu á hverjum tíma. Þessi þróun hefur aukið á tap ríkissjóðs vegna lakra skattskila veitingahúsa. Að sama skapi ættu aðstæður innlendra framleiðenda, til að takast á við íþyngjandi hliðaráhrif breytingarinnar, að vera hagstæðar um þessar mundir.

3. Óskað var eftir upplýsingum um það hvernig breytingar á þrepaskiptingu í tekjuskatti einstaklinga muni koma við þá sem njóta tekna sem jafngilda miðgildi tekna og tekjuhópa neðan og ofan við miðgildi tekna.

Í greinargerð frumvarpsins er stuðst við hugtakið meðalmánaðarlaun sem finna má á vef Hagstofunnar þegar áhrif af breyttri þrepaskiptingu eru metin. Að baki því hugtaki eru öll laun einstaklings, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna s.s. orlofs- og desemberuppbótar, eingreiðslna og fleira. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er miðgildi heildarlaunatekna á almennum vinnumarkaði tæplega 520 þús.kr. á mánuði á verðlagi ársins 2015, sbr. strikalínu á eftirfarandi mynd, til samanburðar við tæplega 600 þús.kr. þegar horft er á meðaltalið.



4. Mun ráðuneytið fylgjast með því hvernig breytingar á virðisaukaskattskerfinu og lækkun tolla muni skila sér út í verðlag?

Þær breytingar á virðisaukaskatti og tollum sem koma til framkvæmda í janúar 2016 ættu að öðru óbreyttu að fela í sér breytingar á verði á eftirfarandi tegundum vöru og þjónustu:

- a. Virðisaukaskattur verður lagður á margvíslega starfsemi sem almennt tengist ferðaþjónustu, eins og fólksflutninga, aðra en almenningsamgöngur, ferðir á vegum ferðaskipuleggjenda sem hingað til hafa verið undanþegnar á grundvelli þess að um fólksflutninga sé að ræða, og heilsulindir.
- b. Tollar verða afnumdir af öllum innfluttum vörum sem flokkast sem fatnaður eða skór.

Virðisaukaskattsbreytingarnar munu fyrst og fremst hafa áhrif á þjónustu sem seld er erlendum ferðamönnum, en innlendum þó líka. Engin leið er hins vegar til að meta það fyrirfram hver verðlagsáhrifin verða, því á móti 11% virðisaukaskatti sem skila ber í ríkissjóð af söluverðinu, verður heimilt að draga virðisaukaskatt sem greiddur er af öllum rekstrarkostnaði (innskattsréttur) sem alla jafna er 24% þannig að nettóáhrif gætu verið óveruleg og jafnvel neikvæð og því ekki tilefni til að hækka verð í einhverjum tilvikum. Innflutt föt og skór eru hins vegar neysluvara sem fyrst og fremst heimilin kaupa og ætti afnám tolla að koma skýrt fram í verðlagi þeirra til lækkunar.

Þekkt er úr hagfræðirannsóknunum að breytingar á neyslusköttum miðlast út í verðlag með mismunandi hætti og hafa nokkrir þættir áhrif þar á. Dæmi um slíka þætti eru gerð markaðar og samkeppnisaðstæður, viðskiptamagn, tegund vöru, svo sem hvort hún er varanleg eða óvaranleg, tímasetning tilkynningar um kerfisbreytingu o.fl. Einnig má nefna að á meðal niðurstaðna nýrrar rannsóknar sem tekur til breytinga á virðisaukaskatti er að skattalækkanir miðlist ekki síður en skattahækkanir út í verðlag (*Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (2015), Benedek, Dora, R. De Mooij, M. Keen og P. Wingender, Estimating VAT Pass Through, IMF vinnupappír nr. 214, 2015*).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun fylgjast náið með þróun verðlags á framangreindum vörum og þjónustu fyrir og eftir áramótin með það fyrir augum að gera sitt til að markmið lagabreytinganna nái fram að ganga. Engin þörf er hins vegar talin á að gera sérstakar ráðstafanir fyrirfram af þessu tilefni.

5. Óskað var eftir skýringu á dreifingu sóknargjalda.

Greiðsla á sóknargjöldum er ákvörðuð skv. lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld. Þau taka breytingum milli ára til samræmis við þá hækkun sem verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri

á öllu landinu milli næstliðinna ára á undan gjaldári.

Í upphafi var gert ráð fyrir að gjaldið skiptist á milli þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands. Í dag skiptist það á milli þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og annast Fjársýsla ríkisins skiptingu gjaldsins.

6. Hvað gerir það að verkum að erfitt hefur reynst að fá endurgreidda tolla sem greiddir hafa verið af vörum við innflutning til ESB-riks þegar vara er flutt aftur út og til Íslands? Einnig var óskað eftir upplýsingum um innflutning raftækja eftir upprunalandi og viðskiptalandi.

Meginregla tollalaga er að tollur er greiddur af vörum sem eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins eins og mælt er fyrir um í tollskrá. Heimild til að víkja frá meginreglunni kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga þar sem kveðið er á um að tollur skuli lækka, falla niður eða endurgreiddast í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma sem viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Það skal tekið fram að undantekningarákvæðið á aðeins við um tolla sem lagðir eru á vörur við innflutning til Íslands en nær ekki til tolla sem þegar hafa verið lagðir á við innflutning til þess lands sem íslensk fyrirtæki eða einstaklingar eiga viðskipti við.

Svokallaðir fríverslunarsamningar eru þjóðréttarsamningar, þ.e. samningar milli tveggja eða fleiri ríkja innbyrðis á milli ríkja og alþjóðastofnana sem ætlað er að stofna réttindi og skyldur milli aðila. Fríverslunarsamningar gilda aðeins á milli þeirra ríkja sem eru aðilar að þeim. Þeir binda því ekki þriðju ríki, þ.e. ríki sem ekki eru aðilar að viðkomandi samningi. Hægt er að skipta þeim fríverslunarsamningum sem Ísland er aðili að í tvo flokka, marghliða og tvíhliða samninga. Aðilar að marghliða samningum eru fleiri en tveir. Nokkrir marghliða samningar hafa verið gerðir á milli EFTA-riksanna annars vegar og einstakra ríkja hins vegar. Samningar EFTA-riksanna við Tyrkland, Lettland, Litháen, o. s. frv. eru dæmi um marghliða samninga. Tvíhliða samningur er samningur á milli tveggja ríkja, samanber til dæmis fríverslunarsamning á milli Íslands og Grænlands frá 1985. Í fríverslunarsamningum er samið um tollmeðferð á milli samningsaðila, m.a. um svokallaða fríðindameðferð (e. preferential treatment). Í því felst að aðilar slíkra samninga semja sín á milli um hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að vara sem flutt er milli aðildarlandanna njóti þeirra ívilnana sem í slíkum samningum felast. Í öllum fríverslunarsamningum sem Ísland er aðili að er það sett sem skilyrði fyrir því að vara hljóti fríðindameðferð að innflutningur sé beinn. Slík ákvæði eru t.d. í öllum samningum EFTA og Evrópusambandsins og sambærileg ákvæði má einnig finna í samningum NAFTA og ASEAN. Markmið ákvæða um beinan innflutning er að tryggja að vara sé óbreytt við komuna á áfangastað. Ákvæðin geta verið dálítið mismunandi milli samninga t.d. hvað varðar kröfur sem gerðar eru um framlagningu skjala til sönnunar á að vara hafi ekki breyst í flutningi. Þá innihalda sumir samningar heimildir til að skipta vörusendingu upp án þess að það hafi áhrif á fríðindameðferðina á meðan aðrir heimila slíkt ekki. Dæmi um ákvæði um beinan innflutning er að finna í 33. gr. fríverslunarsamnings Íslands og Kína. Með beinum innflutningi í skilningi samningsins er ekki aðeins átt við að vara sé flutt beint frá Kína til Íslands og öfugt heldur má hún fara yfir yfirráðasvæði þriðja ríkis við innflutning svo fremi sem flutningurinn helgist af; (a) landfræðilegum ástæðum eða ástæðum sem einungis tengjast flutningskröfum, eða (b) að vörurnar séu undir tolleftirliti á meðan á flutningnum stendur og fari ekki í sölu eða neyslu í þriðja ríkinu eða frekari framleiðslu eða aðvinnslu utan umhleðslu, endurhleðslu, uppskiptingu sendingar eða hvers kyns aðgerð sem nauðsynleg er til að varðveita þær í góðu ástandi.

Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga er heimilt að endurgreiða eða fella niður tolla af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda. Nánar er kveðið á um framkvæmd ákvæðisins í XI. kafla reglugerðar nr. 630/2008, um ýmis tollfríðindi en þar er m.a. efnislega kveðið á um að endurgreiðsla/niðurfelling samkvæmt ákvæðinu skuli eiga sér stað innan árs frá komudegi vörunnar til landsins. Til að njóta endurgreiðslu/niðurfellingar þarf sá sem óskar hennar að senda tollstjóra beiðni ásamt staðfestingarskjöllum, s.s. staðfestingu tollstjóra á sölureikningi, staðfestingu þess að tollskoðun hafi farið fram, kvittun fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og viðeigandi

gögn til staðfestingar á útflutningi vörunnar. Endurgreiðsluheimildin nær aðeins til tolla en ekki virðisaukaskatts sem greiddur er við innflutning en hann má færa sem innskatt á móti útskatti við uppgjör virðisaukaskatts. Sambærileg ákvæði er hins vegar að finna í löggjöf margra ríkja, t.d. Danmerkur, Svíþjóðar, Bandaríkjanna, Ástralíu og Nýja Sjálands. Í tilviki ESB ríkja gilda endurgreiðsluheimildirnar við útflutning vöru til landa utan ESB-svæðisins. Skilyrði endurgreiðslunnar geta þó verið nokkuð mismunandi og í mörgum tilvikum er sett lágmark á endurgreiðslur, þ.e. að ekki kemur til endurgreiðslu nema greiddur tollur við innflutningi nemi tiltekinni fjárhæð. Endurgreiðslurétturinn er í höndum útflytjanda vöru og því þarf hann að krefjast endurgreiðslu vegna útflutnings en íslenskur innflytjandi getur ekki fengið endurgreidda tolla sem útflytjandi í öðru ríki greiddi við innflutning vörunnar. Óska þarf sérstaklega eftir endurgreiðslunni og beiðni um endurgreiðslu þurfa að fylgja skjöl til sönnunar á að varan hafi verið flutt inn til viðkomandi lands, aðflutningsgjöld greidd af henni og til standi að flytja hana úr landi á ný.

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins virðist það helst háð umfangi viðskipta og stærð viðskiptaaðila íslenskra innflytjenda hvort viðskiptaverð sem þeir greiða við kaup á vöru erlendis innihaldi tolla sem hafa greiddir við innflutning til þess viðskiptalands sem um ræðir. Einnig virðist það fara nokkuð eftir því í hvaða geira innflytjandinn starfar. Með nokkurri einföldun má segja að það sé í mörgum tilvikum háð vilja og getu seljanda vörunnar erlendis (útflytjanda) hvort komist verði hjá "tvítollun".

Innflutningur raftækja á árinu 2014, í kr.

Upprunaland	Greiddur tollur	Tollverð
Kína	82.457.426	1.139.871.404
Suður-Kórea	9.146.306	122.440.286
Bandaríkin	6.039.814	99.271.166
Slóvakíska Lýðveldið	5.012.085	66.827.838
Þýskaland	4.505.341	59.785.083
Tékkneska Lýðveldið	3.358.768	44.776.112
Malasía (Malaysia)	3.271.044	42.820.742
Stóra Bretland (GB)	2.877.721	192.313.763
Mexíkó	2.514.995	33.669.709
Japan	2.480.211	42.975.399

Viðskiptaland	Greiddur tollur	Tollverð
Noregur	36.210.038	497.621.736
Þýskaland	21.526.312	313.366.018
Svíþjóð	20.014.457	264.880.979
Danmörk	18.287.183	254.819.495
Holland (Netherlands)	13.489.073	189.619.542
Stóra Bretland (GB)	5.645.525	234.454.192
Bandaríkin	5.585.664	87.781.858
Kína	5.010.984	69.986.233
Tyrkland	3.234.660	43.128.819
Belgía	2.466.710	36.773.683

7. Hvernig er ákvörðun stimpilgjalds hagað í tilviki sambúðarslita, þ.e. þegar ekki er um að ræða hjónaskilnað?

Um er að ræða undanþágu til greiðslu stimpilgjalds á skjali sem sýnir yfirfærslu eigna til maka upp í búshelming, enda hafi ekki samhliða verið um sölu eða söluafsal að ræða, sbr. b - liður 1. mgr. 6. gr. laga um stimpilgjald, nr. 138/2013. Lögskýringargögn veita mjög takmarkaðar upplýsingar um túlkun ákvæðisins. Ákvæðið hefur þó verið skilið svo af hálfu ráðuneytisins og sýslumannsins í Reykjavík

að það taki einungis til hjónaskilnaðar einstaklinga en ekki til óvígðrar sambúðar, enda vísi orðin „maka upp í búshelming“ til hjóna en ekki einstaklinga í óvígðri sambúð.

8. Óskað var eftir útreikningum á tekjumissi ríkissjóðs af hækkun frítekjumarks á leigutekjum af íbúðarhúsnæði og hvort framboðsáhrif hefðu verið skoðuð við þá útreikninga.

Við útreikning á tekjumissi ríkissjóðs af hækkun frítekjumarks á leigutekjum af íbúðarhúsnæði var stuðst við framtalsgögn ríkisskattstjóra. Í álagningu 2015 námu leigutekjur 8.887 millj.kr. Fjármagnstekjuskattur er síðan reiknaður af 70% stofni framtaldrá leigutekna sem þýðir að virkt skatthlutfall er 14%. Reiknaður fjármagnstekjuskattur er samkvæmt álagningartölum ársins 2015, 1.250 millj.kr. Við hækkun frítekjumarks í 50% fer virkt skatthlutfall leigutekna úr 14% í 10% sem þýðir beina lækkun fjármagnstekjuskatts um liðlega 300 millj.kr. Við mat á tekjumissi ríkissjóðs var hins vegar gert ráð fyrir að framboðsáhrifin verði lítillega jákvæð auk þess sem skattskilin verði betri og tekjutapið því minna. Engin leið er þó að meta áhrifin af einhverri meiri nákvæmni.

9. Óskað var eftir upplýsingum um það hvort aðilar sem koma nýir inn í virðisaukaskattskerfið um næstu áramót geti í einhverjum tilvikum fengið endurgreiðslur frá ríkinu við uppgjör á virðisaukaskatti.

Skilningur ráðuneytisins er að í grunninn snúist spurningin um það hvort hættu sé á að aðilar sem verða virðisaukaskattsskyldir 1. janúar 2016 og selja munu þjónustu sem fellur í neðra þrep virðisaukaskatts, 11%, muni eiga svo mikinn innskatt, vegna kaupa á vörum og þjónustu í almennu þrepi virðisaukaskatts, 24%, að ríkið verði af virðisaukaskattstekjum af starfsemi eða þurfi að endurgreiða slíkum aðilum fé við uppgjör virðisaukaskatts.

Í fyrsta lagi er rétt að geta þess að það er forsenda þess að virðisaukaskattsskyldum aðila sé heimilt að draga innskatt frá útskatti við uppgjör virðisaukaskatts að hann sé skráður á virðisaukaskattsskrá. Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 5. gr. laga um virðisaukaskatt skal eigi skrá aðila á virðisaukaskattsskrá ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Hins vegar er gert ráð fyrir að slíkur aðili eigi rétt á skráningu ef hann sýnir fram á að kaup á fjárfestingarvörum standa í beinu sambandi við sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum.

Í öðru lagi er rétt að vísa til þess að starfshópur um virðisaukaskatt af ferðaþjónustu o.fl. skoðaði rétt þeirra aðila sem verða virðisaukaskattsskyldir frá 1. janúar 2016 til færslu innskatts af fjárfestingu sem þeir hafa ráðist í fyrir þann dag. Sú skoðun átti sér m.a. stað í ljósi eftirfarandi orða sem komu fram í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við 2. umræðu um frumvarp sem varð að lögum nr. 124/2014: „Þannig er til dæmis eðlilegt að þegar rekstraraðili sem hefur ekki verið í virðisaukaskattsskyldri starfsemi verður skattskyldur fái hann að nýta innskatt af því lausafé og fasteignum sem ekki er afskrifað að fullu. Slíkt kemur í veg fyrir tilviljanakennda mismunun á milli aðila og vinnur gegn því að óeðlilegur hvati myndist til að fresta kaupum þar til fyrirsjáanlegt er að hægt verði að jafna innskatti á móti útskatti.“ Starfshópurinn skilaði ráðherra greinargerð 22. september sl. Í greinargerðinni er tillögum starfshópsins gerð rækileg skil. Til dæmis er yfirlit yfir þær í 5. kafla, skýringar á einstökum liðum í 11. kafla og reglugerð nr. 192/1992, um innskatt er birt með breytingatillögum innfærðum á rekjanlegan hátt í 10. kafla. Tillögurnar snúa m.a. að þeim sem afla eigna í starfsemi sem er ekki virðisaukaskattsskyld en verður það síðar verði fært að nýta innskatt sem fallið hefur til fyrir breytinguna á móti útskatti eftir hana. Í tillögum er hins vegar gert ráð fyrir að leiðréttingarrétturinn sem í framangreindu felst fýrnist í nokkrum skrefum á tilteknum tíma. Verði tillögur starfshópsins að veruleika er hætt við að þeir aðilar sem koma nýir inn í kerfið og hafa ráðist í fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á liðnum árum eignist rétt til endurgreiðslu úr ríkissjóði við uppgjör virðisaukaskatts þegar í kerfið er komið. Slík staða ætti þó að verða tímabundin.

Í þriðja lagi ber að hafa í huga að innskattur er hluti af innkaupsverði en útskattur er lagður ofan á útsöluverð og þar með talið álagningu. Hættan á að innskattur verði að jafnaði jafn eða hærri en

útskattur er því raunhæfust í þeim tilvikum þegar um er að ræða starfsemi þar sem kostnaður við innkaup aðfanga er hár og álagning tiltölulega lág. Ekki eru taldar líkur á að það eigi við um þá starfsemi sem verður virðisaukaskattsskyld 1. janúar 2016.

10. Óskað var eftir upplýsingum um óbeinan kostnað atvinnulífsins, s.s. við forritun tölvukerfa, af því að skattkerfisbreytingar eru gerðar í þrepum.

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstakt mat á mögulegum viðbótarkostnaði vegna áfangaskiptingar á tekjuskattsbreytingunum samkvæmt tillögum frumvarpsins. Ljóst þykir að hann sé einhver og í því ljósi væri betra að breytingin væri ekki áfangaskipt heldur kæmi til framkvæmda í einu skrefi. Á móti þeirri leið vegur afkomumarkmið fjárlagafrumvarpsins um 15,3 mia.kr. afgang á árinu 2016.

11. Óskað var eftir upplýsingum um áhrifin af því að gera þær breytingar sem til stendur að gera á þrepaskiptingu tekjuskatts einstaklinga í einum vettvangi, þ.e. að heildarbreytingin yrði um næstu áramót.

Upplýsingar um heildaráhrif vegna breytinga á þrepaskiptingu tekjuskatts einstaklinga kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið, undir lið 5.1.

12. Óskað var eftir upplýsingum um tryggingagjald, þ.e. samsetningu, gjaldhlutföll, stofn og þróun gjaldsins bæði síðustu ár og samkvæmt tillögum frumvarpsins.

Tekjur af tryggingagjaldi og öðrum gjöldum sem lögð eru á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds og hlutdeild rétthafa í tekjunum á árunum 2012-2016

Rekstrargrunnur á verðlagi hvers árs, m.kr.	Reikn. 2012	Reikn. 2013	Reikn. 2014	Fjárlög 2015	Fjr.frv. 2016
1 Atvinnutryggingagjald	20.386	19.405	14.642	15.000	16.586
Atvinnuleysistryggingasjóður	20.262	19.343	14.568	14.864	16.497
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi e	124	62	74	136	89
2 Almenn tryggingagjald	44.442	50.292	61.115	66.500	72.101
Lífeyris- og slysatryggingar	30.729	35.335	51.436	56.365	60.544
Fæðingarorlofssjóður	11.017	12.135	6.606	7.157	7.943
Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða	2.698	2.822	3.072	2.978	3.614
Starfsendurhæfingarsjóðir	0	0	0	0	0
Aðrir rétthafar	-2	0	0	0	0
3 Heildartekjur af tryggingagjaldi	64.828	69.697	75.757	81.500	88.687
4 Annað	3.005	3.303	1.011	1.102	1.222
Gjald í Ábyrgðasjóð launa	2.581	2.843	512	551	611
Markaðsgjald	424	460	499	551	611
5 Heildartekjur af gjöldum á tryggingagjald	67.833	73.000	76.768	82.602	89.909

Þróun tryggingagjalds og annarra gjalda sem lögð eru á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds á árunum 2012-2016

	2012	2013	2014	2015 ¹	2015 ²	2016 ³
1 Atvinnutryggingagjald	2,45%	2,05%	1,45%	1,35%	1,35%	1,35%
2 Almenn tryggingagjald	4,99%	5,29%	6,04%	6,04%	6,04%	5,90%
Vinnueftirlit ríkisins						
Staðlaráð						
Icepro						
Fæðingarorlofssjóður	1,28%	1,28%	0,65%	0,65%	0,65%	0,65%
Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða	0,325%	0,325%	0,325%	0,325%	0,26%	0,26%
Starfsendurhæfingarsjóðir ⁴						0,13%
Lífeyris- og slysatryggingar	3,385%	3,685%	5,065%	5,065%	5,13%	4,86%
3 Samtals tryggingagjald	7,44%	7,34%	7,49%	7,39%	7,39%	7,25%
4 Annað	0,35%	0,35%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa	0,30%	0,30%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%
Markaðsgjald	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%
5 Samtals gjöld á tryggingagjaldstofn	7,79%	7,69%	7,59%	7,49%	7,49%	7,35%

1 Janúar til júní 2015.

2 Júlí til desember 2015.

3 Almenn tryggingagjald lækkar um 0,14 prósentustig þann 1. janúar 2016. Samtals gjöld á tryggingagjaldstofn lækka við það úr 7,49% í 7,35%.

4 Samkvæmt lögum um tryggingagjald áttu starfsendurhæfingarsjóðir að fá hlutdeild í almennu tryggingagjaldi sem nam 0,13%. Gildistöku þessa fyrirkomulags var frestað á árunum 2013, 2014 og 2015 með bráðabirgðaákvæði við lög in en að óbreyttu tekur það gildi 1. janúar 2016.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Rekstraráætlun 2016

Skýrsla til fjármála- og efnahagsráðherra
um áætlaðan rekstrarkostnað
Fjármálaeftirlitsins árið 2016

30. júní 2015

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er fjármála- og efnahagsráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2016. Samkvæmt lagaákvæðinu skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Við gerð rekstraráætlunarinnar var meðal annars horft til áætlaðrar mannaflaparfar stofnunarinnar. Fjöldi stöðugilda hjá Fjármálaeftirlitinu hefur verið svipaður síðustu árin. Frá 2012 hefur fjöldi stöðugilda verið milli 117 til 119. Fjöldi stöðugilda var 117,5 á árinu 2014 en að baki stöðugildum lágu ráðningarsamningar við um 125 starfmenn. Gert er ráð fyrir í áætlunum að fjöldi stöðugilda verði óbreyttur á árinu 2015, eða tæp 118 en fjölgi um eitt á árinu 2016 og stöðugildi verði þá nærri 119.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2016. Samráðsnefndin skilaði áliti sínu með bréfi dagsettu 2. júní 2015 og er það hjálagt. Fjármálaeftirlitið hefur lagt mat á álitið og telur það ekki gefa tilefni til breytinga á rekstraráætlun fyrir árið 2016 og framtíðarsýn. Í áliti samráðsnefndar er lagt til að nýju að hafin verði vinna við að skilgreina hvað geti talist eðlileg stærð fjármálaeftirlits með tilliti til stærðar markaðarins og þeirra verkefna sem eftirlitinu er ætlað að sinna.

Í skýrslu þessari er að finna rekstraráætlun ársins 2016 og tillaga um álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2016, í samræmi við lög nr. 99/1999. Þá er gerð grein fyrir rekstrarafkomu undangenginna þriggja ára lögum samkvæmt. Að endingu er lagt mat á umfang stofnunarinnar til ársins 2019. Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 er meðfylgjandi.

Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2014

Skipting eftirlitsgjalds fyrir árið 2014 var staðfest á Alþingi í desember 2013 með breytingum á lögum nr. 99/1999, samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 140/2013 um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.). Á sama tíma samþykkti Alþingi fjárlög fyrir árið 2014 þar sem fjárheimild stofnunarinnar var staðfest.

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 sýnir að tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2014 námu 1.589,9 m.kr. sem er 9,2% lækkun frá fyrra ári. Aðrar tekjur námu 70,3 m.kr. og vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum og fjármagnstekjuskatti námu 33,1 m.kr. Rekstrargjöld að meðtalinni 135,2 m.kr. bakfærslu varúðar frá árinu 2013, vegna krafna frá fyrri árum á fallin fjármálafyrirtæki, námu 1.677,6 m.kr. Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi nam því 15,8 m.kr. Útgjöld vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni eru meðtaln í rekstrargjöldum, en launakostnaður nefndanna nam 20,1 m.kr. Á sama tíma voru tekjur þeirra 14,3 m.kr. og eru þær taldar upp með öðrum tekjum.

Tafla 1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins árin 2012 - 2014

REKSTRARREIKNINGUR	2014	2013	2012
Tekjur			
Eftirlitsgjald	1.589.938	1.751.593	1.879.792
Aðrar tekjur	70.338	29.298	48.167
Heildartekjur	1.660.276	1.780.891	1.927.959
Gjöld			
Launakostnaður	1.414.027	1.341.535	1.278.355
Félagsgjöld, ferðir og fundir	93.845	88.326	75.707
Rekstrarvörur	25.016	32.127	24.199
Aðkeypt þjónusta	162.430	172.490	229.415
Húsnæðiskostnaður	91.421	90.324	104.758
Rekstrarkostnaður	26.105	11.400	33.047
Rekstrargjöld samtals án afskrifta	1.812.843	1.736.202	1.745.481
Afskr. tap. skammtímakr. (fallin fjármálaft.)	-135.249	151.912	0
Rekstrargjöld samtals a.t.t.t. afskrifta	1.677.594	1.888.114	1.745.481
Fjármunatekjur og -gjöld	33.112	43.797	38.202
Ríkisframlag	0	0	68.000
Tekjur (gjöld)	15.795	-63.426	288.681
Eigið fé 31. desember	575.277	559.482	622.908
þar af varasjóður, að hámarki 5% af e.gj. næsta árs	81.848	79.497	87.580

Allar fjárhæðir í þús.kr.

Sem fyrr segir námu tekjur á árinu 2014 samtals 1.660,2 m.kr. Þær skiptast í eftirlitsgjald 1.589,9 m.kr. sem innheimt er af eftirlitsskyldum aðilum í samræmi við lög og hins vegar aðrar tekjur sem námu 70,3 m.kr. Aðrar tekjur samanstanda af endurkröfðum kostnaði skv. gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins vegna veittrar þjónustu að fjárhæð 48,5 m.kr., innheimtu fæðispeninga 7,4 m.kr. vegna reksturs mótuneytis og vegna úrskurðarnefnda 14,3 m.kr. Vert er að hafa í huga að aðrar tekjur voru nokkuð lægri árið 2013 vegna 50,6 m.kr. endurgreiðslu áður innheimtra tekna árána 2010 og 2011.

Eftirlitsgjaldið lækkar um 9,2% milli árána 2013 og 2014. Þetta er annað árið í röð sem það lækkar að tillögu Fjármálaeftirlitsins, en gjaldið lækkaði um 6,8% milli árána 2012 og 2013. Markmiðið hefur verið að lækka eigið fé Fjármálaeftirlitsins niður í lögbundið hámark. Eigið fé í árslok 2014 nam 575,2 m.kr. en mátti á þeim tímapunkti að hámarki nema 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs eða sem næst 81,8 m.kr.

Heildargjöld á árinu 2014 námu 1.677,6 m.kr. sem er nokkuð lægri fjárhæð en rekstrarkostnaður fyrra árs. Það skýrist fyrst og fremst af bakfærslu afskrifta. Sem fyrr segir var á árinu 2013 gjaldfærð sérstök 151,9 m.kr. varúðarfærsla vegna hættu á töpuðum eftirlitsgjöldum fyrri ára á fallin fjármálafyrirtæki. Hins vegar náðust um mitt ár 2014, í kjölfar dóma samningar um greiðslu meginþorra þessara krafna. Því er í reikningi ársins 2014 færð



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

HEILDARGJÖLD, VAXTATEKNA OG LÖGUM NR. 99/1999

135,2 m.kr. bakfærsla vegna framangreindrar varúðarfærslu sem hefur áhrif til lækkunar heildargjalda á árinu.

Á árinu 2014 námu heildargjöld Fjármálaeftirlitsins þannig, án tillits til bakfærslu afskrifta, samtals 1.812,8 m.kr. samanborið við 1.736,2 m.kr. heildargjöld án varúðarfærslu á árinu 2013. Hækkun milli ára er 4,4%. Sambærileg heildargjöld árið 2012 námu 1.745,5 m.kr.

Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri Fjármálaeftirlitsins og nam hann 1.414 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 1.341,5 m.kr. árið á undan og hækkaði því um 5,4% milli ára. Aðhald var í starfsmannahaldi og var fjöldi reiknaðra stöðugilda alls 117,5 samanborið við 118 árið 2013 og 119 árið 2012.

Annar stór kostnaðarliður er aðkeypt þjónusta. Innan þess þáttar eru leyfisgjöld hugbúnaðar stærsti einstaki liðurinn og jókst hann milli ára við kaup á hugbúnaði vegna XBRL staðals sem kostaði um 51,3 m.kr. Þá nam aðkeypt þjónusta vegna hugbúnaðargerðar um 32,6 m.kr. sem er nokkru lægri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Í því sambandi þarf að horfa til þess að vinna við þróun og hönnun að „áhættumiðuðu eftirliti“, sbr. fyrri kynningar, lauk ekki fyrr en í lok ársins 2014 með útbóði sem unnið var í samvinnu við Ríkiskaup. Það hefur í för með sér að þessi kostnaðarliður er mun lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2014. Sú vinna sem gert var ráð fyrir að tæki allt að tveim árum og færi að mestu fram árin 2014 og 2015 færir þá að mestu eða öllu leyti yfir á árin 2015 og 2016.

Fjármagnstekjur á árinu 2014 eru 10,6 m.kr. lægri en árið á undan og skýrist það af niðurfærslu vaxtatekna vegna endurútreikninga í tengslum við lokauppgjör fallinna fjármálafyrirtækja sbr. framanritað.

Afkoman á árinu 2014 er því samkvæmt framangreindu jákvæð um 15,8 m.kr. Afkoman er töluvert betri en gert var ráð fyrir í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra sem gerði ráð fyrir um 200,2 m.kr. rekstartapi. Vega þar þyngst annars vegar tekjufærsla vegna bakfærðrar varúðar á fallnar fjármálastofnanir og hins vegar frestun kostnaðar vegna útseldrar vinnu við hugbúnaðargerð í tengslum við verkefnið „Áhættumiðuðu eftirliti“, sbr. framanritað.

Eins og sjá má í hjálögðum ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2014 námu heildareignir 628,6 m.kr. í árslok, en þar af er handbært fé 544 m.kr. Eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2014 nam samtals 575,3 m.kr. og hækkaði milli ára um sem nam rekstrarhagnaði eða um 15,7 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 99/1999 er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð, samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun, sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 81,8 m.kr. í árslok 2014.

Þróun rekstrarkostnaðar undangenginna þriggja ára hefur verið með þeim hætti að rekstrargjöld án tillits til afskrifta vegna eftirlitsgjalda á fallin fjármálafyrirtæki, hafa vaxið frá því að nema 1.745,5 m.kr. árið 2012 í 1.812,8 m.kr. á árinu 2014. Rekstrarkostnaður hækkaði um 8,5% milli árána 2011 og 2012 en lækkaði milli árána 2013 og 2012, mest vegna lækkunar í aðkeyptri þjónustu. Rekstrarkostnaður hækkaði um sem nam 4,4% milli 2013 og 2014 sbr. útlistun hér að framan.



Meginþættir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og áherslur nýliðinna ára

Á yfirstandandi starfsári er áfram lögð áhersla á uppbyggingu á innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins, með sérstakri áherslu á innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits. Frá árinu 2012 hefur verið unnið markvisst að umbótaverkefnum er lúta að styrkingu innviða stofnunarinnar. Markmiðið er að styðja sem best við kjarnastarfsemina og tryggja viðeigandi gæði hennar í heild. Umbótaverkefnið eiga rætur að rekja til úttekta erlendra aðila á starfseminni og hefur verið gerð ýtarleg grein fyrir þeim og aðdraganda þeirra í skýrslum með rekstraráætlunum stofnunarinnar undanfarin ár.

Á árinu 2014 vann Fjármálaeftirlitið í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sjálfsmat á grundvelli endurskoðaðra kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit. Undirbúningur þeirrar úttektar hófst strax á árinu 2013. Niðurstöður matsins styðja enn frekar vinnu við mótun og innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits og samræmingu verklags innan stofnunarinnar. Stofnunin undirgekkst áþekkt mat á árinu 2011, þó ekki eins ýtarlegt, en niðurstöður þess voru ein af ástæðum þess að hafist var handa við framangreinda umbótavinnu.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið tekið þátt í vinnu við gerð lagafrumvarpa og reglugerða í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og unnið markvisst að því að setja reglur og leiðbeinandi tilmæli í samræmi við hlutverk sitt. Um er að ræða tugi reglna og leiðbeinandi tilmæla en flestar þeirra eru tilkomnar vegna nýrra laga. Ennfremur hefur verið unnið að innleiðingu á Solvency II tilskipun Evrópusambandsins, sem breytir starfsumhverfi váttryggingafélaga töluvert. Auk þess er unnið að innleiðingu á CRD IV tilskipuninni og CRR reglugerð og tæknistöðlum sem þeim fylgja, en CRD IV löggjöfin í heild sinni hefur umfangsmiklar breytingar í för með sér á starfsemi fjármálafyrirtækja og þar með eftirlitsverkefnum. Innleiðing reglugerðar um skortsölu, reglugerðar sem felur í sér breytingar á grunnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta (EMIR) og tilskipunar um fagfjárfestasjóði (AIFMD) mun einnig fela í sér fjölda verkefna og auknar skyldur fyrir Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið sinnir eftirliti með viðskiptaháttum í samræmi við lög. Tveir starfsmenn sinna nú þessu eftirliti sem einkum felst í svörun fyrirspurna frá neytendum og greiningu ábendinga um viðskiptahætti ásamt því að bregðast við mögulegum brotum gegn lagaákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Meðal annarra áherslna má nefna að Fjármálaeftirlitið vinnur í nánú samstarfi við Seðlabanka Íslands að mati á áhættum og stöðu fjármálakerfisins í heild, með tilliti til fjármálastöðugleika.

Þá hefur skráðum félögum á verðbréfamarkaði fjölgað á síðustu misserum og velta viðskipta aukist. Verðbréfamarkaðurinn er því vaxandi og þörf á eftirliti hefur aukist á ný, auk þess sem Fjármálaeftirlitið yfirfer og staðfestir útboðslýsingar skuldabréfa og hlutabréfa (lýsingar). Að öðru leyti skipuleggur eftirlitið störf sín í samræmi við eftirlitsstefnu sína um áhættumiðað eftirlit.

Íslenskt fjármálakerfi er þátttakandi í innri markaði Evrópu á sviði fjármálaþjónustu. Á grundvelli þátttöku í evrópska efnahagsvæðinu á Fjármálaeftirlitið hlutdeild í starfi evrópskra eftirlitsstofnana, enda stafa flest nýmæli í regluumhverfi fjármálamarkaðarins frá þeim. Fjármálaeftirlitið er þannig áheyrnaraðili á fundum eftirlitsstofnana Evrópusambandsins er



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY OF ICELAND

fjalla um verðbréfamarkað (*ESMA – European Securities and Markets Authority*), lánamarkað (*EBA – European Banking Authority*) og váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkað (*EIOPA – European Insurance and Occupational Pensions Authority*). Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í vinnuhópi vegna innleiðingar gerða á sviði fjármálaþjónustu á vegum EFTA/EES.

Fjármálaeftirlitið hefur einnig reglubundin samskipti við eftirlitsstofnanir á Norðurlöndum um ýmis málefni er varða þróun í fjármálastarfsemi og samþættingu eftirlits. Í kjölfar erfiðleika á fjármálamörkuðum hefur jafnframt verið stofnað til aukins samstarfs fjármálaeftirlita og seðlabanka innan Evrópu og meðal Norðurlanda og baltnesku landanna sérstaklega til að stuðla að fjármálastöðugleika.

Á næstu misserum mun Fjármálaeftirlitið leggja megináherslu á að ljúka innri uppbyggingu stofnunarinnar með innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits, sem nefnt hefur verið hér að framan. Tilgangur verkefnisins er að móta, innleiða og festa í sessi áhættumiðað eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum ásamt reglubundnu áhættumati á íslensku fjármálakerfi. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að eftirliti verði forgangsraðað og það skipulagt í samræmi við metna áhættu og áhrifavægi eftirlitsskylds aðila í tengslum við fjármálalegan stöðuleika og neytendur. Enn fremur að eftirlitið fari fram með hámarksnýtingu mannafla og fjármagns sem er til ráðstöfunar hverju sinni. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar mótun og þjálfun í aðferðafræði áhættumiðaðs eftirlits og hins vegar innleiðing tölvukerfis fyrir áhættumat.

Rekstraráætlun fyrir árið 2016

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2015 var send fjármála- og efnahagsráðherra þann 27. júní 2014. Í fjárlögum ársins 2015 sem Alþingi samþykkti í desember 2014 var 1.637 m.kr. fjárheimild stofnunarinnar fyrir árið 2015 lögfest.

Rekstraráætlun fyrir árið 2016 byggir að hluta á rauntölum úr rekstri liðinna ára sem og endurskoðaðri rekstraráætlun ársins 2015. Rekstraráætlunin tekur mið af megináherslum í stefnu stofnunarinnar sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Í töflu tvö er að finna rekstrar- og tekjuáætlun fyrir árið 2016, endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 2015¹ og til samanburðar lykiltölur úr rekstri 2014. Í töflunni er að finna tillögu um áætlaða álagningu eftirlitsgjalds 2016.

¹ Í endurskoðaðri áætlun fyrir rekstrarkostnað ársins 2015 er byggt eins mikið á rauntölum og kostur er. Helsta breyting frá skýrslu til ráðherra í júní 2014 vegna rekstrarársins 2015 er að þá var gert var ráð fyrir að allt að 63 m.kr. yrðu bakfærðar vegna afskriftarfærslu á árinu 2013. Þær tekjur voru innheimtar nánast að fullu um mitt ár 2014 eins og kom fram hér að framan og varúðin þannig bakfærð á rekstrarárinu 2014 eða ári fyrr en gert var ráð fyrir. Þá ber áætluð raunafkoma ársins 2015 með sér að aðhalds hefur verið gætt í rekstri stofnunarinnar og raunkostnaður er nú áætlaður lægri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY OF ICELAND

Tafla 2. Rekstraráætlun fyrir árið 2016, áætlun afkoma 2015 og rauntölur 2014.

	Rauntölur 2014	Áætlun afkoma 2015	Áætlun 2016	br. (%)
Tekjur				
Eftirlitsgjald	1.589.938	1.636.956	1.710.619	4,5%
Aðrar tekjur	70.338	71.750	73.544	2,5%
Heildartekjur samtals	1.660.276	1.708.706	1.784.163	
Rekstrargjöld				
Launakostnaður	1.414.027	1.537.238	1.612.863	4,9%
Félagsgjöld, ferðir og fundir	93.845	102.223	104.779	2,5%
Rekstrarvörur	25.016	27.667	28.359	2,5%
Aðkeypt þjónusta, hugbún. gerð og leyfisgjöld	162.430	191.606	190.296	-0,7%
Húsnæðiskostnaður	91.421	100.529	103.042	2,5%
Rekstrarkostnaður	26.105	11.603	11.893	2,5%
	1.812.843	1.970.866	2.051.231	4,1%
Afskrift vegna fallinna fjármálastofnana	-135.249	0	0	
Rekstrargjöld samtals	1.677.594	1.970.866	2.051.231	4,1%
Fjármunatekjur og -gjöld	33.112	41.500	15.000	
Tekjur/gjöld	15.795	-220.660	-252.069	
Eigið fé og varasióður:				
Eigið fé í lok árs	575.277	354.617	102.549	
þar af varasj., að hámarki 5% af eftirlitsgj. næsta árs	81.848	85.531		

Eins og sjá má í framangreindri töflu er stærsti einstaki gjaldaliður stofnunarinnar launakostnaður en auk þess vega aðkeypt þjónusta, ferða- og fundakostnaður og húsnæðiskostnaður þungt í rekstri stofnunarinnar. Þá er gerð sérstaklega grein fyrir mögulegri viðbótar fjárför vegna nýrra verkefna á komandi misserum. Nánar er gerð grein fyrir helstu gjaldaliðum hér að neðan.

Launakostnaður

Mikilvægt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ávallt á að skipa öflugum, vel menntuðum og reyndum hópi þjálfara sérfræðinga. Starfsmannafjöldi ræður miklu um helstu rekstrarstærðir Fjármálaeftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, starfsmannakostnað, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að ráðningarsamningar verði við samtals 123 starfsmenn en stöðugildi verði í námunda við 118. Er þá miðað við að stofnuninni verði ekki falið aukið hlutverk eða ný verkefni. Þarna er um óbreyttan fjölda ráðningarsamninga að ræða milli árána 2014 og 2015 en stöðugildi námu 117,5 á árinu 2014 en að baki þeim um 125 ráðningarsamningar. Til viðbótar er áætlað að við bætist eitt stöðugildi vegna nýrra verkefna.

Fj. ráðningarsamn. í áætlunum 2015	
Skrifstofa forstjóra	6
Svið yfirlögfræðings	5
Kiarnasvið:	
Vettvangs- og verðbréfaeftirlit	26
Eftirlit	43
Greiningar	19
Innviðir og rekstur:	
Upplýsingatæknisvið	11
Mannauðssvið	2
Rekstrarsvið	13
	125



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY OF ICELAND

Þar er um að ræða verkefni vegna eftirlits með viðskiptaháttum, m.a. vegna samskipta eftirlitsskyldra aðila við viðskiptamenn. Betur er gerð grein fyrir þessu nýja verkefni ásamt öðrum síðar í þessum kafla skýrslunnar. Þannig er samtals gert ráð fyrir tæpum 119 stöðugildum í áætlun fyrir árið 2016.

Áætlaður launakostnaður nemur 1.612,8 m.kr. Hækkunin byggir á áætlunum um 4,5% hækkun launa á árinu 2016 til viðbótar við þær hækkunir sem gert var ráð fyrir í fyrri áætlunum fyrir árið 2015. Þá er jafnframt gert ráð fyrir nýju stöðugildi sbr. framangreint. Þegar skýrslan er gerð eru samningar stéttafélaga lausir og óvissa ríkir um samningsbundnar launahækkunir. Að framansögðu er þannig gert ráð fyrir að launakostnaður aukist um 4,9% milli ára.

Félagsgjöld, ferða- og fundakostnaður

Gert er ráð fyrir að áætlaður kostnaður af félagsgjöldum og ferða- og fundakostnaði hækki um 2,5% milli ára, eða sem nemur áætluðum verðhækkunum og nemi 104,8 m.kr. á árinu 2016. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn eru 39 m.kr. þátttökugjöld vegna alþjóðlegs samstarfs, m.a. IOPS, EBA, EIOPA, ESMA, IOSCO og IAIS. Ferða- og dvalakostnaður erlendis er áætlaður 36,9 m.kr.

Rekstrarvörur

Áætlað er að kostnaður vegna rekstrarvara hækki um 2,5% milli ára og nemi 28,3 m.kr. á árinu 2015. Kostnaður vegna matar, drykkja og keypra máltíða og veitinga (þ.m.t. mötuneytiskostnaður starfsmanna) er innifalinn í þessum lið og er áætlaður 17,6 m.kr. Á móti koma innheimtar tekjur starfsmanna vegna mötuneytis. Þeim innheimtum er hagað í samræmi við áætlaðan kostnað mötuneytis og verðlagsbreytingar með reglubundnum hætti.

Aðkeypt þjónusta

Áætlað er að kostnaður vegna aðkeyptar þjónustu, annar en hugbúnaðargerðar sem lækkar milli ára, taki breytingum eins og aðrir kostnaðarliðir um 2,5% milli ára eða sem nemur áætluðum verðhækkunum. Þannig er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi um 190,3 m.kr. sem jafngildir 0,7% lækkun milli ára.

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er vegna hugbúnaðargerðar eða 76,4 m.kr. sem sjá má hvernig skiptist í eftirfarandi töflu:

Tafla 3. Próun kostnaðar við hugbúnaðargerð:

<u>Hugbúnaðargerð</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>	<u>201 /</u>	<u>2018</u>
Sérfræðingar	38,1	39,1	40,0	41,0
kerfisrekstur	6,4	6,6	6,7	6,9
Eftirlit/rannsóknir	1,8	1,8	1,9	1,9
Reglubundin starfsemi	46,3	47,5	48,6	49,9
Áhættumiðað eftirlit (1)	36,2	28,9	0,0	0,0
Hugbúnaðargerð samtals	82,5	76,4	48,6	49,9

(1) lokakafli í umbótaverkefnum, gagnaskil, áme, betra líf

Þá vegur kostnaður vegna leyfisgjalda hugbúnaðar þungt. Hann er áætlaður 40,2 m.kr. Önnur



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

VEFUR: www.fjarmalaeftirlit.is

sérfræðipjónusta er áætlað að kosti 44,7 m.kr. en þar af er kostnaður vegna ráðgjafanefndar um hæfismót um 9 m.kr., aðkeypt þjónusta endurskoðenda, viðskipta- og hagfræðinga og annarra rekstrarráðgjafa 8 m.kr., aðkeypt þjónusta lögfræðinga um 17 m.kr. og þýðingarkostnaður um 5 m.kr. Þá er áætlað að kostnaður vegna síma og afnotagjalda af skrá og öðru tengdu starfsemi eftirlitsins nemi um 15,4 m.kr. Að endingu er undir liðnum prent- og auglýsingakostnaður sem áætlaður er nálægt 10 m.kr.

Húsnæðiskostnaður

Áætlað er að húsnæðiskostnaður hækki sem nemur áætluðum verðhækkunum, eða um 2,5% og nemi 103 m.kr.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður er áætlaður 11,8 m.kr. og er áætlað að kaup á tölvubúnaði sé þar langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn eða um 8,4 m.kr.

Viðbótar fjárbörf vegna nýrra verkefna

Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er síbreytilegt og stöðugt koma upp ný verkefni. Sem dæmi um slíkt má nefna tilskipun um viðbúnað og skil fjármálafyrirtækja sem brátt verður innleidd í íslensk lög (Skilavald). Þá er aukin þörf til eflingar eftirliti með viðskiptaháttum, m.a. vegna samskipta eftirlitsskyldra aðila við viðskiptamenn. Gert er ráð fyrir einu nýju stöðugildi í áætlunum Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2016 til eflingar eftirlits með viðskiptaháttum. Þá má gera ráð fyrir að þörf á öðru stöðugildi vegna Skilavalds en ekki er gert ráð fyrir slíku í áætlunum. Komi til þess verður því mætt með tilflutningi starfa eða hagræðingu.

Fjármálaeftirlitið telur að fenginni reynslu nauðsynlegt að efla eftirlit sitt með viðskiptaháttum, þar á meðal vegna samskipta eftirlitsskyldra aðila við viðskiptamenn, en fjallað er um slíkt í flestum sérlögum á fjármálamarkaði sem og í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Sú afstaða er í samræmi við þá þróun sem verið hefur hjá systurstofnunum eftirlitsins erlendis t.d. á Norðurlöndum. Mjög brýnt er að geta athugað viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila og komið ábendingum og athugasemdum á framfæri þegar tilefni er. Tveir starfsmenn sinna nú þessu eftirliti sem einkum felst í svörun fyrirspurna frá neytendum og greiningu ábendinga um viðskiptahætti ásamt því að bregðast við mögulegum brotum gegn lagaákvæðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í þessu sambandi tekur Fjármálaeftirlitið einnig þátt í starfi neytendaverndarnefnda evrópskra eftirlitsstofnanna (EBA, EIOPA og ESMA), bæði með þátttöku í athugunum og með innleiðingu efnisreglna sem frá þeim stafa í íslenskan rétt. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti fylgt eftir ábendingum sem berast ásamt því að geta gert frumkvæðisathuganir varðandi viðskiptahætti á öllum mörkuðum, svo sem varðandi upplýsingagjöf til neytenda, misvísandi söluaðferðir, meðhöndlun kvartanna og önnur samskipti eftirlitsskyldra aðila við neytendur fjármálaþjónustu.

Tilskipun 2014/59/EU um viðbúnað og skilameðferð fjármálafyrirtækja (e. Bank Recovery and Resolution Directive), BRRD, frá 15. maí 2014 kom til framkvæmda innan Evrópusambandsins þann 1. janúar síðastliðinn. Unnið er að innleiðingu hennar í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þá koma tveir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins að vinnu við

gerð frumvarps er innleiðir framangreinda tilskipun.

Ljóst er að töluverð vinna mun lenda á starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins er frumvarpið verður að lögum. Hún mun felast í framfylgni við lögin, vinnu við innleiðingu og framfylgni við tæknistaðla og tilmæli. Innleiðing og framfylgni mun að mestu leyti fara fram á greiningarsviði og innan fjárhagslegs eftirlits Fjármálaeftirlitsins með aðkomu lagalegs eftirlits. Í tilskipuninni eru 23 tæknistaðlar og 17 leiðbeinandi tilmæli, ásamt öðrum gerðum sem Fjármálaeftirliti og svonefndu Skilavaldi er ætlað að innleiða eða framfylgja.

Skilavald verður sjálfstætt eftirlitsvald, mögulega vistað af Fjármálaeftirlitinu. Ekki hefur verið gerð greining á því hversu margir starfsmenn munu vinna innan Skilavaldsins né hvort eða hvernig starfsmenn Fjármálaeftirlitsins munu koma að vinnu er tengist Skilavaldinu.

Gert er ráð fyrir að lágmarki einu stöðugildum hjá Fjármálaeftirlitinu og þremur stöðugildum hjá væntanlegu Skilavaldi til að sinna þeim verkefnum sem snúa að innleiðingu á BRRD hér á landi á árinu 2016.

Að engingu þykir rétt að geta þess að gert er ráð fyrir að ný lög um fasteignaveðlán til neytenda taki gildi í mars árið 2016. Í drögum að frumvarpinu segir að aðrir veitendur fasteignaveðlána til neytenda en lánastofnanir, Íbúðalánasjóður og lífeyrissjóðir verði skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu. Gert er ráð fyrir að eftirliti með væntanlegri löggjöf verði skipt á milli Neytendastofu annars vegar og Fjármálaeftirlitsins hins vegar.

Eigið fé og flutningar 92 m.kr. af höfuðstól á annað eigið fé

Eigið fé í árslok 2014 nam samtals 575.3 m.kr. og skiptist í annars vegar höfuðstól sem nemur 483,2 m.kr. og hins vegar annað eigið fé 92 m.kr. Þessar 92 m.kr. voru nýverið færðar að kröfu fjármála- og efnahagsráðuneytis af höfuðstól á annað eigið fé, sem bundið eigið fé.

Samkvæmt upplýsingum fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur frá árslokum 2011 verið 92 m.kr. munur milli stöðu Fjármálaeftirlits gagnvart fjárheimildum í lokafjárlögum og höfuðstóls stofnunarinnar í Orra og í ritinu Ársreikningar ríkisaðila, en á árinu 2011 samþykkti Alþingi lækkun fjárheimildar FME um 92 m.kr. vegna hagræðingarkröfu í fjárlögum. Hins vegar, til að taka jafnframt tillit til kröfu Fjármálaeftirlitsins á markaðan tekjustofn eru framangreindir fjármunir færðir sem annað eigið fé.

Í ríkisreikningi segir að þegar fjármunir eru færðir yfir á bundið eigið fé sé það gert til að fresta ráðstöfun fjárins til síðari tíma samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

Um þetta mál er ýtarlega fjallað í álitargerð ríkislögmanns með bréfi dagsett 13. október 2011. Þar er það megin niðurstaða að óviðunandi sé sú tilhögun fjárlaga ársins 2011 að færa á viðskiptareikning hluta af þeim fjármunum sem innheimtir hafa verið til rekstur Fjármálaeftirlitsins af eftirlitsskyldum aðilum og ákvarðaðir með lögum 99/1999. Fjárlög megi ekki ganga gegn almennum lögum og öndvert.

Á hinn bóginn er á það að líta nú að ráðuneytið færir umrædda fjármuni ekki á viðskiptareikning heldur millifærir þá sbr. framanritað af höfuðstól yfir á bundið eigið fé. Eignir samtals á efnahagsreikningi og handbært fé er óbreytt.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY OF ICELAND

Í langtímaáætlunum Fjármálaeftirlitsins er gert ráð fyrir að annað eigið fé (bundið eigið fé) verði stofnuninni til ráðstöfunar til greiðslu rekstrarkostnaðar.

Samtala gjaldaliða í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2016 er samkvæmt framangreindu áætluð 2.051,2 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 1.970,9 m.kr. áætlaðan kostnað ársins 2015 eftir endurskoðun. Hækkunin milli ára er 80,3 m.kr. eða 4,1%.

Helstu tekjuliðir, ákvörðun eftirlitsgjalds, rekstrarniðurstaða og eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferðir leiða það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang fyrri ára gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2014 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 574,8 m.kr. Eigið fé í lok árs kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi samkvæmt ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá segir jafnframt í 3. gr. framangreindra laga að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að mynda varasjóð (eigið fé) sem nemi að hámarki 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs og sé heimilt að nýta hann til fjármögnunar á útgjöldum umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika.

Eftirlitsgjald ársins 2015 er 1.637 m.kr. skv. fjárlögum sem Alþingi samþykkti í desember 2014. Eigið fé, eða varasjóður í árslok 2014, má því að hámarki nema 81.848 þús.kr.

Eins og sjá má af framansögðu hefur í tvígang verið lögð til lækkun eftirlitsgjalds (markaðra tekna) milli ára, fyrst um 6,8% fyrir árið 2013 og aftur 9,7% fyrir árið 2014, þar sem markmiðið var að lækka eigið fé í lögbundið hámark þess skv. lögum. Þá var lagt til að eftirlitsgjaldið hækkaði einungis um 3% fyrir árið 2015 byggt á sömu forsendum.

Samkvæmt rekstraráætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald hækki einungis um 4,5% milli ára og nemi 1.710,6 m.kr., en heildartekjur Fjármálaeftirlitsins nemi þannig í árslok 2016 um 1.799,1 m.kr. Heildartekjur skiptast í framangreint eftirlitsgjald en til viðbótar vaxtatekjur sem áætlaðar eru 15 m.kr. og 73,5 m.kr. aðrar tekjur. Aðrar tekjur eru meðal annars þjónusta sem stofnuninni er heimilt að endurkrefja samkvæmt gjaldskrá, útlagður kostnaður úrskurðarnefnda og endurkrafinn kostnaður, s.s. vegna mótuneytis.

Að teknu tilliti til 1.799,1 m.kr. áætlaðra heildartekna árið 2016 og 2.051,2 m.kr. áætlaðs rekstrarkostnaðar, er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma verði neikvæð sem nemi 252,1 m.kr. á árinu 2016. Eins og sýnt er í töflu 2 er þannig gert ráð fyrir að eigið fé lækki samsvarandi og verði 102,5 m.kr. í árslok 2016.

Áætlað eftirlitsgjald 2016

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögnum standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Í áætluninni er gert ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald nemi 1.710,6 m.kr. á árinu 2016 sem er 4,5% hækkun frá áætlun ársins 2015.

Tekjur stofnunarinnar eru að langmestu leyti af framangreindu eftirlitsgjaldi. Lögin heimila stofnuninni þó einnig í ákveðnum tilvikum að taka gjald samkvæmt gjaldskrá til greiðslu kostnaðar fyrir ýmsar sértækar aðgerðir (t.d. lýsingar) og fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi.

Í töflu 4: *Tekjuáætlun 2016 – Áætluð álagning eftirlitsgjalds*, sem er að finna á næstu síðu er sýnd tillaga Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2016 milli flokka eftirlitsskyldra aðila. Skiptingin byggir á mati þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem farið hefur í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila eins og mælt er fyrir um í framangreindum lögum. Ennfremur eru í töflunni sýndir álagningarstofnar gjaldsins og tillögur um breytingar á álagningarhlutföllum. Þá eru þar þau lágmarks- og fastagjöld sem lagt er til að verði breytt. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg hlutfallsskipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2015 ásamt gildandi álagningarhlutföllum og lágmarks- og fastagjöldum.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er nú lagt til að álagningarhlutföll breytist mjög óverulega til hækkunar. Gert er ráð fyrir að hlutfall lífeyrissjóðanna lækki og rekstrarfélaga og fagfjárfestastjóða haldist óbreytt. Þá eru nú einnig lagðar til breytingar á lágmarksgjöldum fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana, váttryggingafélaga, Íbúðalánastjóðs, verðbréfamiðstöðva og kauphallar með hliðsjón af almennum verðlagsbreytingum frá því að þessum gjöldum var síðast breytt, í upphafi árs 2011.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir eru nú lagðar til breytingar á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum sem skýrast af framangreindu mati á kostnaðarskiptingu við rekstur stofnunarinnar og þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila. Samkvæmt því er lagt til að álagningarhlutföll, viðskiptabanka, sparistöðva, lánaþyrirtækja, rafeyrisskýringa, greiðslustofnana, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, verðbréfamiðstöðva, kauphalla, lífeyrissjóða, Íbúðalánastjóðs og Lánastjóðs sveitarfélaga lækki en álagningarhlutfall lífeyrissjóðanna lækki. Þá er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall rekstrarfélaga og fagfjárfestastjóða haldist óbreytt. Einnig eru nú lagðar til breytingar á lágmarksgjöldum allra þeirra aðila sem taldir eru upp hér að framan, að undanskildum váttryggingamiðlunum, með hliðsjón af almennum verðlagsbreytingum frá því að þessum gjöldum var síðast breytt, í upphafi árs 2011. Að endingu er nú lögð til hækkun á þrepaskiptu fastagjaldi á lífeyrissjóðina miðað við að þessi gjöld nemi um 60% af áætlaðri heildarálagningu á lífeyrissjóðina sem er sama viðmið og verið hefur undanfarin ár varðandi fjárhæðir þessa gjalds.

Tafla 4. Tekjuáætlun 2016 - Áætlun álagning eftirlitsgjalds:

Áætlun álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2016 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarks- og fastagjöld												
Fjármálaæftirlitið												
Áætlun álagning eftirlitsgjalds 2016 ásamt tillögum um álagningarhlutföll og lágmarks- og fastagjöld	Tilvisun í 5. gr. laga nr. 99/1999	Álagningarstofn ¹⁾	Álagt eftirlitsgjald í ársbyrjun 2015	Hlutfallsleg skipting álagðs eftirlitsgj. 2015	Álagningarstofnar samkvæmt ársreikningum 2014	Tillögur um lágmarks og fastagjöld 2016	Gildandi lágmarks og fastagjöld 2015	Tillögur um álagningarhlutföll -% vegna ársins 2016	Gildandi álagningar hlutföll -% 2015	Áætlun álagning vegna ársins 2016 ²⁾	Hlutfallsleg skipting áætlaðrar álagningar 2016	
Áætlun álagning alls 1.710.619 þús.kr. Fjárhæðir í töflunni í þús. kr.												
Lánastofnanir			884.463	54,7	3.156.750.800					931.743	55,2	
Viðskiptabankar	1 mgr. II.1.a	e	837.253	51,8	2.980.537.852	1.200	1.000	0,0297	0,0277	885.220	52,4	
Sparisjóðir	" " " 1.b	e	14.918	0,9	44.144.033	1.200	1.000	0,0260	0,0251	12.185	0,7	
Lánafyrirtæki (sjá þó L.sj.sveitarfél. neðar í töflu)	" " " 1.b	e	32.292	2,0	132.068.915	1.200	1.000	0,0260	0,0251	34.338	2,0	
Greiðslustofnanir	" " " 1.b	e	1.000	0,1	858.012	1.200	1.000	0,0260	0,0251	1.200	0,1	
Vátryggingafélag	1 mgr. II.2	i	163.041	10,1	51.848.687	1.200	1.000	0,3200	0,3140	168.835	10,0	
Vátryggingamiðlarar	" " " 3	i	4.371	0,3	1.022.121	450	450	0,1800	0,1720	4.377	0,3	
Verðbrélafyrirtæki	" " " 4	e	19.469	1,2	3.161.588	1.200	1.000	0,5200	0,4900	20.351	1,2	
Verðbréflamiðlanir	" " " 5	e	1.200	0,1	130.506	700	600	0,5200	0,0490	1.400	0,1	
Rekstrarfélag	1 mgr. II.6	e	113.511	7,0	375.217.470	1.200	1.000	0,0300	0,0300	115.676	6,9	
" fagfjárfestisjóðir - lög 128/2011	" " " 6	hre	25.713	1,6	136.146.956	150	150	0,0133	0,0133	24.933	1,5	
Verðbréflamiðstöðvar	" " " 7	t	4.143	0,3	611.784	700	600	0,7200	0,7000	4.405	0,3	
Kauphallir	" " " 8	t	3.856	0,2	458.971	700	600	0,8300	0,8000	3.809	0,2	
Lífeyrissjóðir	1 mgr. II.9	el	258.080	16,0	2.882.983.111	⁵⁾	1.250 - 7.710	0,0093	0,0097	268.117	15,9	
Innlánsdeildir samvinnufélaga	" " " 10	f	450	0,0		450	450			450	0,0	
Ibúðalánasjóður	" " " 11	e	50.914	3,1	824.443.791	1.200	1.000	0,0065	0,0059	53.589	3,2	
Lánasjóður sveitarfélaga	" " " 12	e	6.013	0,4	76.782.180	700	600	0,0082	0,0078	6.296	0,4	
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf. og öryggissjóður skv. I. um innstæðuþryggingar	" " " 13	f	1.000	0,1		500	500			1.000	0,1	
Aðilar með innheimtuleyfi skv. I. nr. 95/2008	1 mgr. II.14	f	4.200	0,3		700	700			4.900	0,3	
Gjaldreyrisskiptistöðvar	2 mgr.	f	600	0,0		600	600			700	0,0	
Eignarhaldsfélag skv. 4. mgr. 5. gr.	5 mgr.	f	15.000	0,9		1.500	1.500			15.000	0,9	
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa	6. og 7. mgr.	f	57.500	3,6		⁴⁾	⁴⁾			61.000	3,6	
Samtals			1.617.725	100,0						1.687.781	100,0	
Fjármálatrygging undir skilnaftindum o.fl. ³⁾	9. mgr.	f	23.000			500 - 3.000	500 - 3.000			23.000		
Allt			1.640.725							1.710.781		

1) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=iðgjöld; f=fastagjöld; hre=hrein eign.

2) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda

3) Fjármálatryggingar sem stýrt er af slitastjórn.

4) Prepskipt fastagjöld.

5) Prepskipt fastagjöld í þús.kr.: 1.350; 2.260; 3.950; 7.330; 8.500.

Rekstrarsýn til lengri tíma: 2017–2019

Við gerð rekstraráætlunar 2016 var jafnframt horft til þess hvernig langtímaáætlun gæti litið út. Leitast er við að draga upp mynd af því hvernig eftirlitsgjaldið muni þróast á komandi árum miðað við þá samfellu og jafnvægi sem Fjármálaeftirlitið telur að komin sé í starfsemina. Í töflu 5 hér að neðan má sjá þessa langtímasýn, þar sem horft er sérstaklega til árána 2017-2019.

Tafla 5. Rekstraráætlun 2017-2019

	Áætlun 2017		Áætlun 2018		Áætlun 2019	
	br. (%)	br. (%)	br. (%)	br. (%)	br. (%)	br. (%)
Tekjur						
Eftirlitsgjald	2.025.373	18,4%	2.076.007	2,5%	2.127.907	2,5%
Aðrar tekjur	75.382	2,5%	77.267	2,5%	79.199	2,5%
Heildartekjur samtals	2.100.755		2.153.274		2.207.106	
Rekstrargjöld						
Launakostnaður	1.685.441	4,5%	1.727.577	2,5%	1.770.767	2,5%
Félagsgjöld, ferðir og fundir	107.398	2,5%	110.083	2,5%	112.835	2,5%
Rekstrarvörur	29.068	2,5%	29.794	2,5%	30.539	2,5%
Aðkeypt þjónusta, hugbún. gerð og leyfisgjöld	165.431	-13,1%	169.567	2,5%	173.806	2,5%
Húsnæðiskostnaður	105.619	2,5%	108.259	2,5%	110.965	2,5%
Rekstrarkostnaður	12.190	2,5%	12.495	2,5%	12.807	2,5%
Rekstrargjöld samtals	2.105.147	2,6%	2.157.776	2,5%	2.211.720	2,5%
Fjármunatekjur og -gjöld	6.000		4.000		4.000	
Tekjur/gjöld	1.608		-501		-614	
Eigið fé og varasjóður:						
Eigið fé í lok árs	104.157		103.655		103.041	
þar af varasj., að hámm. 5% af eftirlitsgj. næsta árs	5,0%		4,9%			

Gert er ráð fyrir um 2,5% almennum verðhækkunum milli ára með þeirri undantekningu að laun hækki um 4.5% á árinu 2017 í kjölfar kjarasamninga sem nú eru lausir. Þá lækki aðkeypt þjónusta um rúm 13% milli árána 2016 og 2017, enda ljúki vinnu við áhættumiðað eftirlit (lokaáfangi umbótaverkefna) í árslok 2016 eða þar um bil.

Annar rekstarkostnaður er áætlaður því sem næst óbreyttur milli ára. Áfram er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna nýrra verkefna samanber framanritað en þar er að mestu um að ræða launakostnað. Þannig er áætlað að heildarkostnaður nemi samtals um 2.105,1 m.kr. á árinu 2017. Þá nemi aðrar tekjur 75,3 m.kr. og fjármagnsliðir um 6 m.kr. Til þess að ná jafnvægi í afkomu verður að gera ráð fyrir að eftirlitsgjaldið 2017 hækki um sem nemur 18,4% milli ára og verði sem næst 2.025,3 m.kr. og eigið fé (varasjóður) þannig um 104,1 m.kr. í árslok 2017 eða sem næst 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi ársins 2018.

Á næstu mánuðum mun fara í gang innan stofnunarinnar ýtarleg vinna við skilgreiningu á æskilegri stærð og umfangi Fjármálaeftirlitsins. Í því sambandi verði leitað leiða til að ná fram enn frekari hagræðingu í rekstri en orðin er.

Á árunum 2018 og 2019 er síða í þessari sýn gert ráð fyrir samfellu í rekstri Fjármálaeftirlitsins. Tekjur og gjöld haldist í hendur og eftirlitsgjald hækki því sem næst í takt



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

FINNFRANGLAÐ AÐHAFSÓÐNAÐSSTYÐJÓFET 2011-2012

við áætlaðar hækkanir verðlags og launa milli ára, en miðað er við 2,5% verðlagsbreytingu og jafnvægi milli almennra verðhækkana og launa.

Eins og greint er frá í kaflanum hér að framan um ákvörðun eftirlitsgjalds og þróun eigin fjár er ljóst að ástæða þeirrar skörpu hækkunar eftirlitsgjalds sem lögð er til árið 2017 byggir á því að eftirlitsgjaldið hefur verið lækkað til að mæta þeirri lagaskyldu að eigið fé sé að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs (u.þ.b. 80-100 m.kr.). Í töflu 6 hefur verið tekið saman hvernig eftirlitsgjaldið hefur þróast á umliðnum árum. Þar er jafnframt að finna hvert eftirlitsgjaldið verður árið 2017 ef það hefði tekið breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs, annars vegar frá 2012 en einnig frá 2013. Sýnt er hvernig eftirlitsgjaldið hefði verið á bilinu 1.927,2 til 2.161,8 m.kr. eftir því hvort árið er notað sem viðmiðunargrunnur. Með öðrum orðum, hefði álagt eftirlitsgjald árána 2012 eða 2013 hækkað í takt við verðlagsbreytingar væri það mjög nálægt því eftirlitsgjaldi sem lagt er upp með í töflu 5 hér að ofan fyrir árið 2017, eða 2.025,3 m.kr.

Tafla 6, greining eftirlitsgjalds:

Greining eftirlitsgjalds	2012	2013	2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Eftirlitsgjald, á verðlagi hvers árs	1.879.792	1.751.593	1.589.938	1.636.956	1.710.619	2.025.373
breyting milli ára (%)	14,4%	-6,8%	-9,2%	3,0%	4,5%	18,4%
Hækkun vísitölu neysluverðs milli ára	5,2%	4,5%	3,7%	1,0%	2,5%	2,5%
Eftirlitsgjald, ef það hefði hækkað sem nemur br. n.vt. ár hvert frá 2012	1.879.792	1.964.837	2.036.686	2.057.703	2.109.145	2.161.874
Eftirlitsgjald, ef það hefði hækkað sem nemur br. n.vt. ár hvert frá 2013		1.751.593	1.815.644	1.834.380	1.880.239	1.927.245

Gert er ráð fyrir að verðlag hækku um 2,5% á tímabilinu frá janúar 2015 til janúar 2017

